

Siðir og serðingar

Í veröldinni hafa hinar ýmsu þjóðir og ættflokkar svarað kynþörf sinni með margvíslegu móti í tímans rás. Kynlíf og kynferði hefur ævinlega verið snar þáttur í frjósemisdýrkun, goðsögnum, sköpunarsögum, trúarbrögðum og siðum. Frjálslyndi í kynferðismálum var áberandi meðal fornþjóðanna. Það birtist t.d. eftirminnilega í list þeirra og uppeldi ungu kynslóðanna. Samkynhneigð (einkum karla), mök við dýr og kynlíf milli barna og fullorðinna, var almælt. Svipaða sögu er að segja af norrænum þjóðum.

En þegar gyðingleg kristni varð að siðferðilegri undirstöðu Vesturlanda, kom annað hljóð í siðferðisstrokkinn. Gyðingurinn gríski, Saul eða Páll postuli, mætti til leiks og prédikaðri strangt kynlífssiðferði samkvæmt lögum Mosesar (1391-1271?), spámanns og leiðtoga Gyðinga. Í Rómverjabréfnum segir Páll m.a.: „Þess vegna hefur Guð ofurselt þá fýsnum hjartna þeirra til saurlifnaðar, til þess að þeir svívirtu líkami sína hver með öðrum. Þeir hafa skipt á sannleika Guðs og lyginni og göfgað og dýrkað hið skapaða í stað skaparans, hans sem er blessaður að eilífu. ... Þess vegna hefur Guð ofurselt þá svívirðilegum girndum. Bæði hafa konur breytt eðlilegum mökum í óeðlileg, og eins hafa líka karlar hætt eðlilegum mökum við konur og brunnið í losta hver til annars, karlmenn frömdu skömm með karlmönnum og tóku út á sjálfum sér makleg málagjöld villu sinnar.“

Kynsiðferði samkvæmt þessum bókstafi og anda var snar þáttur hinna nýju trúarbragða Gyðinga, Jesúhreyfingarinnar, sem á annarri öld var kölluð kristni – og Konstantín (272-337) keisari gerðist talsmaður fyrir á fjórðu öld. Hann var áhrifamaður við stofnun fyrstu kirkjunnar. Þannig var samofið ríki Guðs á jörðu (kirkjunnar) og ríki veraldlegra drottara. Það var stjórnunar- og áróðursnjallræði að beita þannig eingyðistrú til eflingar miðlægu valdi. Þetta léku Kænugarðsdrottinnar eftir honum nokkrum öldum síðar, en þá varð Gyðingdómur fyrir valinu. (Orðið, kristni, afleitt af gríska orðinu, „christianismos“ var fyrst notað af Ignatios (35-107?) biskupi frá Antiocha (fornt ríki fyrir botni Miðjarðarhafs) snemma á annarri öld eftir Krist. (Jesús er gríska fyrir Jósúa. Önnur nöfn eru: Yahweh (heb.), Mashiah (heb.) og Christos (gr.)). Kristni breiddist smám saman út um alla Evrópu. England var t.d. kristnað 597 og kristni var lögtekin á Íslandi árið 1000 (eða þar um bil).

Sagnfræðingurinn og rithöfundurinn, Sigurlaugur Brynleifsson (1922-2003), lýsir trúnni svo: „Kristin trú var í upphafi trúarbrögð meinlætisins, náðin varð einungis höndluð með afneitun jarðneskra gæða, bælingu hvatanna og ástundun andlegrar spektar sem andstæðu við jarðlegan skilning. Guðsríki var ekki af þessum heimi og tilgangur jarðvistarinnar var undirbúningur undir eilífa tilveru. Kirkjan komst þó ekki hjá því að viðurkenna ófullkomleika manneskjunnar og réttlætti frávik frá rétttri kenningu með því. Hjónabandið var gert að sakramenti, ófullkomleikinn var helgaður og á þann hátt gerður viðsættanlegur. Kirkjan veitti mönnum ýmsar smugur til þess að komast hjá refsingu fyrir margvíslegar syndir, svo sem aflát og sektir, iðrun og yfirbót. En þrátt fyrir alla tilhliðrunarsemi var maðurinn spilltur og hvatalíf hans í sjálfu sér syndsamlegt. Bæling hvatanna varð stefna kirkjunnar og þar með mótun kristinnar sektarkenndar.

Með auknu kirkjulegu aðhaldi aukast áhrif sektarkenndarinnar á mennska meðvitund og bælingin eykst með aukinni trúarlegri innlifun en jafnframt verður útrás bælingarinnar afskræmilegri í táknum og hugarórum. Því kristnari sem menn verða og ákveðnari í hatri sínu á syndinni, því magnaðri verða freistingar og hryllingstöfrar syndarinnar meiri.

Kirkjuféðurnir vissu gjörlla hver var frumkveikja freistinganna, þeir áttu sjálfir í stöðugri baráttu við holdlegar freistingar sem gátu tekið á sig hinar furðulegustu myndir. Freistarinn birtist þeim í gervi konunnar og hún varð höfuðhemill á fullkomnun flekklauss kristilegs líferniss.“

Baráttu andans manna við fýsn og losta er vel lýst í játningum mesta guðfræðings kristinnar, Ágústínusar kirkjuföður: „Ég vil rifja upp lýti liðinnar ævi og holdleg spjöll sálar minnar. [...] Og hvað var það, sem ég þráði, nema að elska og njóta ástar? En það voru ekki hugástir af því tagi, sem marka bjarta braut vináttunnar. Eimur steig upp af gruggaðri fýsn holdsins og soðhver ungra kennda rökkvaði hjarta mitt og vafði það þoku, svo að það greindi ekki heiða ást frá mistri lostans. Hvort tveggja sauð hvað um annað í mér og sogaði mig, óvitann, út í fossandi ástríðuröst og sökkti mér í hringiðu lastanna.“ (Játningar. Þýðing: Sigurbjörn Einarsson)

Meðan guðfræðingar hertu siðferðisólina og börðust við losta og holdins fýsnir, gaf almúginn dauðan og djöfulinni í yfirvöld andleg og veraldleg. Kynhvötin lék lausum hala. Á ofanverðri tólftu öld ávítaði biskupinn í Niðarósi íslenska höfðingja fyrir fjöllyndi. Ásakar þá fyrir að lifa “búfjárlífi.” Þorlákur helgi Þorláksson þrúmaði: “Fyrir það skal minnst bjóða, þess er í lostasemi er misgert af vakandi manni, ef hann saurgast af blíðlæti við konu. Meira ef maður saurgast af höndum sínum sjálfs. Meira ef maður saurgast af tré boruðu. Mest ef maður saurgast af annars karlmanns höndum.” “Ef konur eigast við þangað til þeim leysir girnd skal bjóða þvílíka skrift sem körlum þeim er hinn ljótasta hórdóm fremja sín a millum eða þann er framdur er við ferfætt kvikendi.”

Úr skriftamálum Ólafar ríku Loftsdóttur, sem lést á áliðinni fimmtánda öldinni má lesa: Hún hafði ”legið með bónda sínum með blóðfallssótt [tíðabæðingar], átt samfarir við hann þunguð, átt samfarir á helgum dögum, átt blíðlæti við aðra karlmenn (en frí við “samkomu getnaðarlimanna”).

Skömmu fyrir aldamótin sextán hundruð, skrifaði Oddur Einarsson, biskup, í Íslandslýsingu sinni: “Væri betur, að hvergi annars staðar meðal þjóða væri meira úrkast vændiskvenna, flagara, hórkarla og hórkvenna en á þessari eyju. En það er sannarlega harmsefni, að á þessum síðustu dögum vors kláðuga heims skuli reikular girndir leika svo lausum hala útum hvippinn og hvappinn, að hvorki ströng lög né harðir refsendar, ást á dyggðum né viðbjóður á löstum skuli fá aftrað trylltum og blinduðum mönnum frá þessu sæta eitri og ginnandi böli.”

Skömmu fyrir aldamótin átján hundruð lætur Jón Sveinsson, landlæknir vandlætingu sína í ljós: “Ekki væri heil prédikun nóg til að kveikja viðbjóð í fólki móti þeim ótætis kossagangi sem hér í landi, því miður, er orðinn að landsósið. Vissu menn og aðgættu að varirnar eru einn af þeim stöðum líkamans sem á augabragði draga í sig gegnum suguæðarnar alla fljótandi, einkum ólyfjanardampa, mundu þeir síður misbrúka það ástúðlegasta merki kærleika og vinskapar, kossinn. Og hve hryllilegt er ekki að kyssa holdsveikt fólk, neflausar kellingar og þá fullir eru af brennivíni auk ótal annarra og er þó sem þetta fólk tyllist á tær eður hafi nokkurs konar sérlega fýsn til að minnast við sem flesta.”

Hin forna gyðinglega refsigleði virtist hafa lifað góðu lífi. Fólki, sem missteig sig í kynlífinu var hegnt með skelfilegum hætti, höggvið eða drekkt.

Svipuð viðhorf voru góð latína hjá herraþjóð vorri, Dönnum, og í páfagarði: Þegar rúmur fjórðungur var liðinn af þrettánda öldinni skrifaði páfinn bullu til erkibiskupsins í Hróarskeldu. Honum höfðu borist tíðindi af „fjölda fólks af andlegu jafnt af veraldlegu bergi, sem í kalli hans hefðu ekki aðeins

átt ólöglegt samræði við ættingja, heldur meira að segja við dýr og karlmenn, ...“ Páfi veitti biskupi heimild til tilhlýðilegra refsinga. (Thorkil Vanggaard. Phallos)

Leikritaskáldið, Ludvig Holberg (1684-1754), skrifaði í bók sinni, útgefinni 1716, „Náttúru- og þjóðréttarfróðleikur“ (Naturens og Folke-Rettens Kundskab), að Guð hafi skapað manninn með kyntilhneigingar gangvart andstæðu kyni: „Fordæmd er sú slæma óhæfa að gefa sig á vald skepnum eða sama kyni, sem í fyrndinni náði svo mikilli útbreiðslu hjá Grikkjum, jafnvel þótt varðaði við lög.“ (Thorkil Vanggaard)

Það er engu líkara en að sú stranga löggjöf, sem Móses setti þjóð sinni endur fyrir löngu og beitt var sem verkfæri til þess að ná betri tókum á henni - og leggja drög að ríkisvaldi - hafi einnig gagnast konungum, keisurum og páfa í sama grundvallaraugamiði, enda þótt almenningur léki meira eða minna lausum hala í „neðanjarðarmannlífinu“ eins og það hefur allar götur gert, síðan Móses leið.